

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 16. október 2013 í máli nr. E-3889/2012:

**Ingi Freyr Hansen Ágústsson**

*(Ólafur Örn Svansson hrl.)*

**gegn**

**Verði tryggingum hf.**

*(Björn L. Bergsson hrl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 1. október sl., er höfðað 21. nóvember 2012 af Inga Frey Hansen Ágústssyni, Jónsgeisla 39 í Reykjavík, gegn Verði tryggingum hf., Borgartúni 25 í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 13.331.473 kr., með 4,5% ársvöxtum frá 14. júlí 2010 til 1. janúar 2012, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum þann 1. febrúar 2012 að fjárhæð 3.667.501 kr., þann 1. mars 2012 að fjárhæð 721.447 kr. og þann 22. janúar 2013 að fjárhæð 534.873 kr. Til vara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 11.489.139 kr., með sömu vöxtum og að frádregnum sömu greiðslum og greinir í aðalkröfu. Til þrautavara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 9.646.806 kr., með sömu vöxtum og að frádregnum sömu greiðslum og greinir í aðalkröfu. Til þrautþrautavara krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 1.200.000 kr., með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu en að frádregnum greiðslum þann 1. mars 2012 að fjárhæð 721.447 kr. og þann 22. janúar 2013 að fjárhæð 534.873 kr. Þá krefst stefnandi málskostnaðar ásamt virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

*Málsatvik og ágreiningsefni*

Í máli þessu er deilt um hvaða árslaun beri að leggja til grundvallar við útreikning bóta fyrir varanlega örorku stefnanda af völdum umferðarslyss þann 14. apríl 2010.

Slysið átti sér stað á Bæjarhálsi til suðurs, við Klettháls, í Reykjavík og varð með þeim hætti að stefnandi var ökumaður bifreiðar, sem var kyrrstæð, þegar bifreið sem ábyrgðartryggð var hjá stefnda var ekið aftan á bifreiðina. Við höggið kastaðist bifreið stefnanda á aðra bifreið fyrir framan. Stefnandi leitaði samdægurs á slysadeild og var í kjölfarið til meðferðar lækna og sjúkraþjálfara. Þegar slysið átti sér stað var stefnandi á lokastigum laganáms síns og lauk meistaraþrófi (magister juris) frá lagadeild Háskóla Íslands með brautskráningu þann 12. júní 2010. Þann 16. maí 2011 fékk hann síðan leyfi sem héraðsdómslögmaður.

Þann 14. september 2011 óskuðu aðilar sameiginlega eftir því að Sigurður Thorlacius læknir og Sigurður R. Arnalds hrl. mætu afleiðingar umferðarslyssins. Í matsgerð þeirra, dags. 20. nóvember 2011, var komist að þeirri niðurstöðu að tímabundið atvinnutjón samkvæmt 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 væri ekkert og tímabil þjáninga samkvæmt 3. gr. sömu laga ekkert. Þá töldu matsmenn að batahvörf hefðu orðið 14. júlí 2010, að varanlegur miski samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga næmi 18 stigum og varanleg örorka samkvæmt 5. gr. sömu laga væri 12%.

Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 1. desember 2011, var sett fram bótakrafa á grundvelli matsgerðarinnar. Í bréfinu er útreikningur bóta fyrir varanlega örorku miðaður við árslaun að fjárhæð 9.680.544 kr., sem sögð eru miðast við meðaltalsmánaðarlaun sérfræðinga á almennum vinnumarkaði samkvæmt launarannsókn Hagstofu Íslands fyrir árin 2007-2009. Í bréfinu er vísað til 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og þess að stefnandi hafi verið í skóla þegar slysið varð og þrjú ár þar á undan. Stefnandi féllst á að 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga ætti við en vildi hins vegar miða við laun stefnanda á árinu 2010. Gerði stefnandi tillögu að uppgjöri, dags. 30. desember 2011, þar sem miðað var við árslaun að fjárhæð 3.318.408 kr., til samræmis við framangreinda afstöðu. Lögmaður stefnanda undirritaði uppgjörið með fyrirvara, m.a. um framangreint árslaunaviðmið. Þann 21. nóvember 2012 höfðaði stefnandi síðan mál þetta.

### *Málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi vísar til þess að ekki leiki nokkur vafi á því að skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga séu fyrir hendi í málinu. Þá kveður stefnandi algjörlega ótækt að leggja til grundvallar tekjur hans árið 2010 við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Í fyrsta lagi liggja fyrir að stefnandi hafi verið í námi fyrri hluta þess árs og af þeim sökum hafi hann ekki notið launa sem fulllærður lögfræðingur allt tekjuárið. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki verið í fullu starfshlutfalli umrætt ár, enda í námi fyrri hluta ársins. Í þriðja lagi fari það í bága við skaðabótalög, sem ætlað sé að bæta framtíðartekjutjón tjónþola vegna slyss, að styðjast við tekjur þegar tjónþoli er enn í námi eða nýskriðinn úr námi og aðeins í fyrsta þrepi launastiga

viðkomandi starfsstéttar.

Stefnandi kveður tekjur hans árið 2010 með engu móti veita rétta mynd af framtíðartjóni hans, enda hafi tekjur hans nú þegar tekið skarpa hækkun upp á við og fyrirsjáanlegt sé að þær muni taka enn frekari hækkunum í nánustu framtíð, enda hafi stefnandi öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður og starfi sem slíkur á lögmannsstofu. Hér beri þó að hafa í huga að tekjur hans eftir slysið markist af þeirri staðreynd að hann búi við varanlega örorku. Það eigi einnig við um tekjur hans árið 2010 en stefnandi búi við 18% læknisfræðilega örorku og 12% varanlega örorku eftir slysið. Öldungis ótækt sé að nota tekjur sem stefnandi afli með verulega skerta tekjuöflunarferni til að reikna út tjón hans til framtíðar vegna sama slyss. Með hliðsjón af framangreindu, og þeirri staðreynd að stefnandi hafði lokið langstærstum hluta lögfræðináms síns á slysdegi, liggja í augum uppi að styðjast verði við meðaltekjur þeirrar starfsstéttar við útreikning bóta fyrir varanlega örorku.

Stefnandi krefst þess aðallega að stuðst verði við meðaltekjur við sérfræðistörf í lögfræði á almennum vinnumarkaði árið 2010 samkvæmt heimasíðu Hagstofu Íslands. Stefnandi hafi starfað samhliða námi á lögmannsstofu, þar sem hann hafi síðan haldið áfram störfum eftir útskrift, allt þar til hann hóf eigin rekstur. Þá hafi hann öðlast réttindi sem héraðsdómslögmaður og því liggja ekkert annað fyrir en að hann muni starfa sem slíkur það sem eftir lifir starfævi hans. Því sé nærtækast að styðjast við framangreindar meðaltekjur, sem hafi numið 8.832.000 kr. (736.000 kr. x 12). Við þá fjárhæð bætist 8% vegna lífeyrisframlags vinnuveitanda og heildarkrafan nemi því 9.538.560 kr. x 11,647 x 12% = 13.331.473 kr. Frá dragist innborgarinn stefnda þann 1. febrúar 2012 að fjárhæð 3.667.501 kr., greiðsla Sjúkratrygginga Íslands þann 1. mars 2012 að fjárhæð 721.447 kr., og greiðsla frá stefnda 22. janúar 2013 að fjárhæð 534.873 kr. Aðalkrafan nemi því 8.407.652 kr. Þá sé krafist 4,5% vaxta samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga frá batahvörfum 14. júlí 2010 til 1. janúar 2012, eða mánuði eftir dagsetningu kröfubréfs, en dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags, að frádregnum áðurnefndum greiðslum.

Stefnandi krefst þess til vara að stuðst verði við meðaltal launa lögfræðinga í starfi á almennum vinnumarkaði og hjá hinu opinbera, þ.e. það sem stefnandi vísar til sem meðaltekjur lögfræðinga. Þessi varakrafa kemur ekki fram í stefnu. Í henni felst að miðað verði við árslaun að fjárhæð 8.220.385 kr., en þar er um að ræða meðaltal þeirra árslanufjárhæða sem byggt er á í aðalkröfu og varakröfu. Heildarkrafan nemur því 8.220.385 kr. x 11,647 x 12% = 11.489.139 kr. og að frádregnum sömu innborgunum og samkvæmt aðalkröfu nemur varakrafan 6.565.318 kr. Þá krefst stefnandi vaxta með sama hætti og samkvæmt aðalkröfu. Vegna þeirra mótmæla stefnda, að varakrafan sé of seint fram komin, vísaði lögmaður stefnanda til þess við málflutning að krafan gangi skemur en aðalkrafa stefnanda.

Þrautavarakrafa stefnanda felur í sér að stuðst verði við meðaltekjur félagsmanna í Stéttarfélagi lögfræðinga árið 2010 samkvæmt úttekt Bandalags háskólamanna (BHM), eða 6.390.936 kr. (532.578 kr. x 12). Að viðbættum 8% vegna lífeyrisframlags nemur heildarkrafan 6.902.211 kr. x 11,647 x 12% = 9.646.806 kr., og að frádregnum sömu innborgunum og samkvæmt aðalkröfu nemur þrautavarakrafan 4.722.985 kr. Þá er krafist sams konar vaxta og samkvæmt aðalkröfu.

Þrautþrautavarakrafa stefnanda lýtur að uppgjöri vegna þeirrar greiðslu sem stefnandi fékk frá Sjúkratryggingum Íslands. Við uppgjör var greiðsla Sjúkratrygginga áætluð 1.200.000 kr. en þegar hún var innt af hendi mánuði síðar reyndist hún vera 721.447 kr. Þann 22. janúar 2013 greiddi stefndi stefnanda 478.553 kr. vegna þessa, auk vaxta að fjárhæð 56.320 kr., en þrautþrautavarakrafa stefnanda byggir á því að eftir standi krafa um greiðslu 4,5% vaxta af 721.447 kr. frá batahvärfum og fram til þess að greiðslan barst frá Sjúkratryggingum Íslands þann 1. mars 2012, eða 53.907 kr.

Stefnandi vísar til þess að kröfur hans styðjist við skaðabótalög nr. 50/1993, einkum 2. mgr. 7. gr. Um vaxtakröfuna vísar hann til 16. gr. skaðabótalaga og um dráttarvaxtakröfuna til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 1. mgr. 130. gr., og tekur fram að hann sé ekki virðisaukaskattskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt og því sé nauðsynlegt að taka tillit til skattsins við ákvörðun málskostnaðar.

#### *Málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi vísar til þess að stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir umfangi meints tjóns umfram það tjón sem hann hafi þegar fengið bætt úr hendi stefnda. Á herðum stefnanda hvíli að færa sönnur á að annar mælikvarði en hans eigin tekjur á árinu 2010 teljist réttari grundvöllur fyrir útreikning bóta vegna varanlegrar örorku. Að mati stefnda liggja slík sönnun ekki fyrir.

Stefndi áréttar að ekki sé né hafi verið ágreiningur um það að beita skuli 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, enda sé stefndi sammála því að skilyrði ákvæðisins séu fyrir hendi. Ágreiningur málsins lúti hins vegar að því hvaða tekjuviðmið sé til þess fallið að gefa rétta mynd af væntanlegum framtíðartekjum stefnanda. Stefnandi hafi verið að ljúka námi sínu í lögfræði við Háskóla Íslands er hann varð fyrir slysinu. Samhliða námi sínu hafi hann starfað á lögmannsstofu, haldið því starfi eftir útskrift sumarið 2010 og sinnt því að minnsta kosti út árið 2011, eða allt þar til hann setti á fót sína eigin stofu. Í ljósi þess að stefnandi hafði hafið þau sömu störf er slysið bar að höndum, hin sömu og hann sinnti þegar uppgjör bóta fór fram,

hafi verið nærtækt að líta til þess raunveruleika sem stefnandi bjó við á vinnumarkaði. Því sé um að ræða tímabil í starfi sem unnt sé að miða við til ákvörðunar bóta til handa stefnanda. Að mati stefnda liggja hlutrænt fyrir að tekjur stefnanda á slysárinu 2010 gefi vísbendingu um hver sé rétt mynd af tekjum hans til framtíðar litið. Þannig byggist fullnaðaruppgjör stefnda á launum stefnanda 2010, auk mótfamlags í lífeyrissjóð. Stefndi hafi bætt stefnanda tjón hans vegna varanlegrar örorku og krefjist sýknu af öllum frekari kröfum.

Verði ekki fallist á framangreint telur stefndi einboðið að lækka beri kröfu stefnanda. Í greinargerð stefnda segir að engin rök standi til þess að miða við meðaltekjur lögmannsstarfa við útreikning bóta, líkt og kröfur stefnanda byggist á. Því verði í fyrsta lagi ekki slegið föstu að það hafi legið fyrir þegar stefnandi lenti í slysinu að hann myndi hasla sér völl á vinnumarkaði sem lögmaður. Jafnvel þótt ekki sé unnt að styðjast við tekjur þriggja ára fyrir slysdag leiði það ekki sjálfkrafa til þess að miða eigi við meðaltekjur þeirrar starfsgreinar sem mestar meðaltekjur hafi meðal lögfræðinga. Að sama skapi standi engin rök til að ætla stefnanda að ná meðaltali þeirrar starfsstéttar þar sem hann sé rétt að feta sín fyrstu skref sem sjálfstætt starfandi lögmaður hartnær tveimur árum eftir slys. Stefnandi hafi engar sönnur færnt fyrir því að hann nálgist viðmið sem þetta með því að leggja fram upplýsingar um tekjur sínar. Þótt ekki séu forsendur til að beita meginreglu 1. mgr. 7. gr. leiði það ekki sjálfkrafa til þess að miða eigi við meðaltekjur í starfsgrein við þessar aðstæður. Við málflutning kvaðst lögmaður stefnda fallast á að ranghermt væri í greinargerð stefnda að kröfur stefnanda byggist á launum fyrir lögmannsstörf, enda séu þau launameðaltöl sem stefnandi miðar við um annað en lögmannsstörf.

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi ekki lagt fram neinar upplýsingar um tekjur sínar frá því að slysið átti sér stað. Til að mynda hafi engin gögn verið lögð fram um umsamin launakjör hans, sem þó sé getið í matsgerð. Í matsgerðinni sé einungis getið heildartekna á þremur árum, nánar tiltekið á slysárinu og tveimur árum þar á undan. Þá hafi stefnandi ekkert upplýst um það hvaða verkefnum hann hafi sinnt frá því hann hóf sjálfstæð störf né á hvaða réttarsviði hann hafi helst látið til sín taka. Af dómum megi helst draga þá ályktun að hann hafi beitt sér við verjendastörf og sá sem helgi sig þeim störfum þurfi að hafa mikið umleikis í málafjölda til að hafa arð af, eða skjólstæðinga sem séu þess umkomnir að kosta vörn sína sjálfir að verulegu leyti. Sönnunarbyrðin sé stefnanda í þessum efnum og hann hafi ekki gert líklegt eða fært fram sönnunargögn sem leiði líkur að því að fyrirliggjandi uppgjör sé rangt. Stefnandi hafi verið tæplega 35 ára þegar hann lenti í umferðarslysinu. Áður en hann hóf nám í lögfræði hafi hann m.a. stundað nám í Iðnskólanum, stundað nám í tölvunarfræði, stundað sjómennsku og starfað bæði sem leiðsögumaður og lögreglumaður. Hann virðist því hafa verið nokkra stund að hasla sér völl í lögfræði er hann komst á fullorðinsár. Í þessu ljósi sé það eitt að stefnandi hafi lokið námi ekki staðfesting þess að hann muni afla sér þeirra launatekna sem hann vilji miða við. Aldur stefnanda og fjölbreytt framganga hingað til þyngi þá sönnunarbyrði frekar en hitt.

Í ljósi framangreinds telur stefndi að ekki verði fundinn betri mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda en sá sem lagður var til grundvallar við uppgjör. Tekur stefndi fram að þá væri helst að líta til þeirra tekna sem stefnandi aflaði sér á árinu 2011, sem hafi í reynd verið fyrsta starfsár stefnanda sem lögfræðingur eftir að hann lauk prófi. Í greinargerð stefnda er skorað á stefnanda að leggja fram útskrift úr staðgreiðsluskrá vegna árána 2010, 2011, og 2012 og við málflutning byggði lögmaður stefnda á því að stefnandi hefði ekki orðið við þeirri áskorun að því er síðastnefnda árið varðar. Því yrði samkvæmt 68. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, að leggja til grundvallar að tekjur hans næðu ekki máli gagnvart kröfugerð hans.

Stefndi tekur fram að í stað þess að færa fram sönnunargögn um raunverulegar tekjur sínar virðist stefnandi hafa kosið að byggja málatilbúnað sinn á almennum upplýsingum um meðaltekjur sem ekki verði séð að eigi fullan rétt á sér. Í það minnsta sé það óupplýst að unnt sé að leggja almennar upplýsingar til grundvallar bótum til stefnanda á meðan ekki séu færð fram gögn um raunverulegur tekjur hans. Að mati stefnda standi engin haldbær rök til að dæma mál þetta á slíkum grundvelli meðan ekki liggi fyrir á hvern hátt stefnanda hafi farnast í lögmannsstörfum sínum eftir að hann haslaði sér sjálfstæðan völl á þeim vettvangi.

Verði fallist á þau sjónarmið stefnanda, að rétt sé að miða við einhver meðallaun byggð á gagnasöfnum opinberra aðila, kveður stefndi réttast að líta til launaviðmiðs sem sé nær meðallaunum í stéttarfélagi lögfræðinga samkvæmt gögnum BHM, líkt og varakrafa stefnanda lúti að. Telur stefndi rétt að líta til þeirra launa, enda sé stefnandi bæði nýútskrifaður og reynslulaus. Við málflutning mótmælti lögmaður stefnda varakröfu stefnanda sérstaklega sem of seint fram kominni.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu stefnanda frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi, enda hafi stefnandi ekki lagt fram gögn sem leiði í ljós tekjur hans í starfi eftir útskrift sem skjóti stoðum undir kröfugerð hans, né upplýsingar um þau verkefni sem hann hafi sinnt í starfi sem gætu gefið vísbendingar um ætlaðan arð af störfum hans. Þau yfirlit um launatekjur sem stefnandi hafi afhent stefnda hafi þvert á móti gefið tilefni til gagnstæðra ályktana, um að rök standi til þess að horfa frekar til þess viðmiðs sem stefndi lagði til grundvallar en nokkurra þeirra viðmiða sem stefnandi vilji horfa til. Því sé ekki um vanskil að ræða í neinum skilningi þess orðs, sem skapað geti rétt til slíkra vaxta. Hugtaksskilyrðum 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu sé ekki fullnægt, né 9. gr. sömu laga. Þá mótmælti lögmaður stefnda sérstaklega við málflutning kröfu stefnanda um dráttarvexti í þrautþrautavarakröfu, enda hafi stefndi greitt um leið og stefnandi hafi upplýst um greiðsluna frá Sjúkratryggingum Íslands.

Stefndi kveður kröfu stefnanda um málskostnað bera að sama brunni. Verði fallist á varakröfu stefnda beri í það minnsta að fella málskostnað niður enda engar forsendur til að dæma stefnda til að bæta stefnanda málskostnað sem hefði verið hægt að komast hjá með fullnægjandi gagnaöflun og umfjöllun. Kröfu sína um málskostnað styður stefndi við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Tekur stefndi fram að krafist sé álags á málskostnað er nemi virðisaukaskatti, en stefndi reki ekki virðisaukaskattskylda starfsemi og beri því nauðsyn til að fá dæmt álag er þeim skatti nemur.

### *Niðurstaða*

Stefnandi varð fyrir umferðarslysi 14. apríl 2010, þegar bifreið sem ábyrgðartryggð var hjá stefnda var ekið aftan á bifreið sem hann ók. Ekki er deilt um fébótaábyrgð stefnda vegna slyssins né fyrirbyggjandi matsgerð um afleiðingar slyssins, heldur lýtur deilan að því hvaða árslaun beri að leggja til grundvallar við útreikning bóta fyrir varanlega örorku. Stefnandi var á lokastigum laganáms síns þegar slysið varð og brautskráðist með meistaragráðu í lögfræði tæpum tveimur mánuðum síðar. Aðilar eru sammála um að skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu uppfyllt, þ.e. að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda en tekjur hans síðustu þrjú almanaksárin fyrir slys. Þeir deila hins vegar um það við hvaða mælikvarða beri að miða. Stefnandi miðaði uppgjör við tekjur stefnanda árið 2010 en stefnandi vill miða við meðaltekjur lögfræðinga og setur í því sambandi fram þrenns konar kröfur, þar sem byggt er á mismunandi meðaltekjum.

Fallast verður á það með stefnanda að þær tekjur sem hann hafði á árinu 2010 geti ekki talist réttur mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans. Í því sambandi athugast í fyrsta lagi að stefnandi var í námi fyrri hluta þess árs. Verður raunar tæpast talið nærtækt, í ljósi þeirrar sameiginlegu afstöðu aðila að 2. mgr. 7. gr. eigi við þar sem stefnandi hafi verið í námi, að horfa engu að síður til tekna hans meðan hann var í námi. Í öðru lagi er ljóst samkvæmt fyrirbyggjandi matsgerð, sem ekki er deilt um í málinu, að stefnandi bjó við 12% varanlega örorku seinni hluta ársins, eða frá batahvörfum 14. júlí 2010. Tekjur hans eftir að hann hlaut 12% varanlega örorku vegna slyssins verða illa taldar gefa rétta mynd af þeim framtíðartekjum sem hann hefði notið ef slysið hefði ekki komið til. Þá samrýmist það, að miða við tekjur eftir að tekjuöflunarhæfni hefur skerast, illa því meginmarkmiði skaðabótalaga, að tryggja tjónþola fullar bætur fyrir tjón hans, en til samræmis við umrætt markmið gerir meginreglan í 1. mgr. 7. gr. ráð fyrir því að litið sé til tekna tjónþola áður en áhrifa líkamstjóns gætir. Af framangreindum sökum verður ekki heldur fallist á það með stefnda, að það hafi sérstaka þýðingu við úrlausn málsins þótt stefnandi hafi ekki orðið við áskorun stefnda um að leggja fram útskrift úr staðgreiðsluskrá ársins 2012, en nálægt miðju því ári voru liðin tvö ár frá slysdegi og batahvörfum. Framangreindu til viðbótar skal bent á að fyrirbyggjandi læknisvottorð Hjartar Þórs Haukssonar, dags. 18. apríl 2011, ber skýrlega með sér veruleg einkenni stefnanda á árinu 2010, en þar er m.a. tekið fram í tengslum við komu 24. ágúst 2010, að stefnandi náí mest 70% vinnu.

Samkvæmt framangreindu verður ekki talið að tekjur stefnanda á árinu 2010 gefi rétta mynd af þeim framtíðartekjum sem stefnandi var líklegur til að njóta, ef slysið hefði ekki komið til. Telja verður að réttari mælikvarði felist í upplýsingum um meðaltekjur þeirrar starfsstéttar sem stefnandi hafði því sem næst menntað sig til er slysið varð, sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 16. október 2003 í máli nr. 110/2003, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 3455, og dóm Hæstaréttar 27. janúar 2005 í máli nr. 280/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 365. Stefnandi var enda u.þ.b. að útskrifast með meistarapróf í lögfræði þegar slysið varð og ekkert sem gaf annað til kynna en að hann myndi starfa í kjölfarið sem lögfræðingur, svo sem hann hefur síðan gert.

Dómur Hæstaréttar 16. desember 2004 í máli nr. 264/2004, sem birtur er í dómasafni þess árs á bls. 5049 og lögmaður stefnda vísaði til við málflutning, fær ekki breytt framangreindri niðurstöðu. Þótt þar hafi verið lagðar til grundvallar tekjur tjónþola eftir batahvörf, á fyrsta starfsári hans sem lögfræðingur, er verulegur munur á aðstæðum í því máli og málinu sem hér er til úrlausnar. Í því sambandi athugast m.a. að varanleg örorka tjónþola í hinu eldra máli var lægri og tekjur hans á umræddu ári lítið eitt hærri en þær meðaltekjur lögfræðinga sem til álita komu. Krafðist tjónþolinn þess því að miðað yrði við umrætt ár en til vara að miðað yrði við meðallaun. Í þessu máli vill stefndi hins vegar miða við laun stefnanda, sem voru meira en tvöfalt lægri en þau meðallaun sem stefnandi byggir kröfur sína á, og féllu til á tekjuári þar sem stefnandi var í námi fyrri hluta ársins og bjó síðan við umtalsverð einkenni síðari hluta ársins. Þótt tjónþolanum í hinu eldra máli hafi tekist að sanna, með tekjum sínum í kjölfar slyssins, að líklegar framtíðartekjur hans væru hærri en meðaltekjur felur dómurinn ekki í sér að tjónþolar sem eru undir meðaltekjum í kjölfar slyss fái ekki notið meðaltekna við ákvörðun árslauna. Af dóminum verður ekki leidd regla er stendur til þess að hér skuli miðað við tekjur stefnanda árið 2010, enda verður umrætt ár sem fyrr segir ekki talið réttur mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda.

Kemur þá til álita hvaða meðaltekjur lögfræðinga feli í sér réttan mælikvarða á líklegar framtíðartekjur stefnanda. Aðalkrafa hans miðar við upplýsingar Hagstofu Íslands um meðalheildarlaun árið 2010 í flokki 2429, sem ber heitið „Sérfræðistörf í lögfræði ófl.a.“. Þrautavarakrafa hans miðar við meðalheildarlaun félagsmanna í Stéttarfélagi lögfræðinga árið 2010 samkvæmt gögnum frá BHM. Varakrafa hans miðast hins vegar við meðaltalið af framangreindum tveimur stærðum, sem stefnandi vísar til sem meðaltekna lögfræðinga á almennum vinnumarkaði sem og hjá hinu opinbera. Að mati dómsins er ljóst að áðurnefndur flokkur 2429 inniheldur að einhverju leyti opinbera starfsmenn, auk þess sem aðild að Stéttarfélagi lögfræðinga er ekki bundin við opinbera starfsmenn. Þó má ljóst vera að umræddar stærðir snerti í meginatriðum starfsmenn á almennum vinnumarkaði annars vegar en opinbera starfsmenn hins vegar. Þótt stefnandi hafi unnið í hlutastarfi á lögmannsstofu síðustu mánuðina fyrir slysið varð ekki ráðið á slyssdegi hvers konar lögfræðistörf hann myndi fást við til frambúðar. Verður að mati dómsins ekki

fullyrt að önnur hvor framangreindra tveggja stærða sé réttari en hin heldur verður að telja að réttasti mælikvarðinn sé sá sem miðað er við í varakröfu stefnanda. Með þeim mælikvarða er horft til tekna fleiri lögfræðinga og til fleiri lögfræðistarfa en ef einungis önnur stærðin er notuð og þannig verður að telja að sú aðferð komist næst því að endurspegla meðaltekjur lögfræðinga út frá fyrirbyggjandi gögnum. Samkvæmt þessu verður að hafna aðalkröfu stefnanda en fallast á að varakrafa hans feli í sér réttastan mælikvarða á líklegar framtíðartekjur hans.

Stefndi mótmælir varakröfu stefnanda sem of seint fram kominni, en hún kom ekki fram í stefnu. Af gagnályktun frá 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála leiðir að stefnandi í dómsmáli getur á öllum stigum máls dregið úr kröfu sinni til ívilnunar fyrir stefnda. Þá getur hann einnig komið að nýjum varakröfum undir rekstri máls án framhaldssakar, þótt þeirra hafi ekki verið getið í stefnu, svo lengi sem þær rúmast innan marka stefnukröfu og eru reistar á málsástæðum og gögnum, sem stefnandinn hefur þegar haft uppi í máli eða getur enn borið upp. Aðurnefnd varakrafa stefnanda rúmast innan stefnukröfu hans, er reist á sömu málsástæðum um að horfa beri til meðaltekna lögfræðinga og byggð á gögnum um slíkar meðaltekjur, sem lögð voru fram strax við þingfestingu málsins. Aðal- og þrautavarakrafa stefnanda eru enda reistar á sömu gögnum og varakrafan felur í reynd sér meðaltal fyrrnefndu krafanna. Samkvæmt þessu verður að hafna framangreindum mótmælum stefnda.

Stefndi mótmælir dráttarvöxtum frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi, enda hafi stefnandi ekki lagt fram gögn sem leiði í ljós tekjur hans í starfi eftir útskrift og skjóti stoðum undir kröfugerð hans, né upplýsingar um þau verkefni sem hann hafi sinnt í starfi sem gætu gefið vísbendingar um ætlaðan arð af störfum hans. Því sé ekki um að ræða vanskil í neinum skilningi þess orðs. Samkvæmt þessu eru mótmæli stefnda við dráttarvaxtakröfu stefnanda nátengd mótmælum hans við kröfunni sjálfri og með vísan til þess sem að framan er rakið verður ekki talið að þau geti leitt til annars upphafs dags dráttarvaxta en 1. janúar 2012. Þann dag var mánuður liðinn frá því að lögmaður stefnanda sendi stefnda kröfubréf og telja verður að þá hafi legið fyrir þær upplýsingar sem þörf var á til að meta tjónsatvik og fjárhæð bóta, sbr. 1. másl. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, og að engin efni séu til að ákveða annan upphafstíma dráttarvaxta á grundvelli 2. másl. sömu greinar.

Ekki er deilt um tölulegar forsendur eða tilhögun varakröfu stefnanda og verður stefndi því dæmdur til greiðslu með þeim hætti sem greinir í dómsorði. Eftir þessum úrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 500.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ólafur Örn Svansson hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Björn L. Bergsson hrl.

Dóminn kveður upp Eiríkur Jónsson, settur héraðsdómari.

**D Ó M S O R Ð:**

Stefndi, Vörður tryggingar hf., greiði stefnanda, Inga Frey Hansen Ágústssyni, 11.489.139 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 14. júlí 2010 til 1. janúar 2012, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til greiðsludags, allt að frádregnum greiðslum þann 1. febrúar 2012 að fjárhæð 3.667.501 króna, þann 1. mars 2012 að fjárhæð 721.447 krónur og þann 22. janúar 2013 að fjárhæð 534.873 krónur.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Eiríkur Jónsson

Rétt endurrit staðfestir,

Héraðsdómi Reykjavíkur, 16. október 2013.

Gjald kr. 1,500.-

Greitt.